

FYRSTU SKREF

Í FJÁRMÁLUM




GUNNAR BALDVINSSON

Spurningar
og
verkefni



Framtíðarsýn




I. UPPRUNI OG RÁÐSTÖFUN VERÐMÆTA

SPURNINGAR

1. Hver er munur á heildarlaunum og útborguðum launum? Hvaða frádráttarliðir dragast yfirleitt frá launum?
2. Hvað eru ráðstöfunartekjur?
3. Hvernig ákvarðast laun?
4. Mega unglings vinna með skóla? Hvaða reglur gilda um vinnu barna og unglings undir 18 ára aldri?
5. Hvenær verða einstaklingar fjárráða? Hvað þýðir það?
6. Nefndu að minnsta kosti fimm atriði sem koma fram í ráðningarsamningi.
7. Hvaða skattur er dreginn af atvinnutekjum einstaklinga?
8. Hvað er persónuafsláttur? Hvað þýðir að eiga ónýttan persónuafslátt?
9. Til hvers greiða einstaklingar í lífeyrissjóð?
10. Hvað er greiðslukort? Hver er munur á debet- og kreditkortum?

RANNSAKAÐU/KANNAÐU

1. Skoðaðu síðasta launaseðil sem þú fékkst. Gakktu úr skugga um að þú skiljir tölurnar sem eru á seðlinum.
2. Hve miklu eyðir þú á mánuði? Settu upp áætlun um mánaðarleg útgjöld. Hve miklu máttu eyða á viku eða á dag?



II. EIGNIR OG LÁN (SKULDIR)

SPURNINGAR

1. Hvað eru vextir?
2. Hvað eru innlánsvextir og útlánsvextir?
3. Hvaða áhrif hefur binditími á vexti innlánsreikninga?
4. Hver eru fjögur helstu sparnaðarform fyrir einstaklinga og hverjir eru helstu eiginleikar hvers þeirra?
5. Hvað eru margir vaxtadagar á ári?
6. Hvað eru dráttarvextir?
7. Hvað er lánssamningur?
8. Hvað eru skammtímalán? Nefndu fimm tegundir skammtímalána.


9. Hvað er langtímalán? Nefndu tvær tegundir slíkra lána.
10. Hverjir eru helstu kostnaðarliðir við lántöku aðrir en vextir?

RANNSAKAÐU/KANNAÐU

1. Farðu inn á heimasíðu viðskiptabankans þíns og finndu vaxtatöflu hans. Skoðaðu hvaða vextir eru greiddir á innlánsreikningum. Hverjir eru vextir á veltureikningi með debetkort? Hverjir eru vextir á bankareikningum bundnum til 36 mánaða?
3. Farðu inn á heimasíðu viðskiptabankans þíns og finndu reiknívél fyrir lán. Prófaðu að reikna lán að fjárhæð ein milljón króna til þriggja ára, fimm ára, 10 ára og 25 ára. Skoðaðu greiðsluáætlun, kostnað, vexti og hlutfallstölu kostnaðar.

REIKNADU

1. Reiknaðu 3% vexti af 130.000 krónum í 3 mánuði, hálftr ár, 1 ár og 3 ár.
2. Hverjir voru breytilegir vextir á reikningi þar sem vextir voru 3,25% frá 1.1. til 31.3., 3,0% á tímabilinu 1.4. til 30.6., 2,8% á tímabilinu 1.7. til 30.9. og 2,75% á tímabilinu 1.10. til 31.12.?



III. NOKKUR HOLLRÁÐ

SPURNINGAR

1. Hvað er að vera fjárhagslega sjálfstæður?
2. Af hverju er ódýrara að kaupa eignir með sparnaði frekar en lántöku?
3. Hverjir eru helstu flokkar sparnaðar og hver er tilgangurinn með hverjum þeirra?
4. Hvað er varasjóður?
5. Hve mikið geta einstaklingar greitt í viðbótarlífeyrissparnað? Hvenær og hve mikið greiðir atvinnurekandi í mótfamlag?
6. Hvað geta einstaklingar nýtt viðbótarlífeyrissparnað til margra ára til að greiða inn á fyrstu fasteign?
7. Nefnið dæmi um persónulegar og efnahagslegar áhættur einstaklinga. Hvað er hægt að gera til að draga úr fjárhagslegum afleiðingum þeirra?

RANNSAKAÐU/KANNAÐU

1. Farðu á vefinn og finndu tölvu sem þú gætir hugsað þér að eignast. Opnaðu svo síðu hjá viðskiptabankanum þín og finndu reiknivél fyrir reglulegan sparnað. Notaðu hana til að reikna hve mikið þú þarf að leggja fyrir á mánuði í tvö ár á reikningi með 3% vöxtum. Skoðaðu svo hvað myndi kosta þig að kaupa tölvuna með láni frá bankanum í 24 mánuði.
2. Farðu inn á skattur.is og flettu upp á „framtal barns“ í leiðbeiningum. Finndu hvaða fjárhæð börn yngri en 16 ára þurfa ekki að greiða tekjuskatt og útsvar af vegna síðasta árs.